

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag Krækishóla úr landi Skálmholts, frístundabyggð.*

Í deiliskipulaginu felst afmörkun 3,6 ha svæðis fyrir fimm frístundahúsalóðir. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt frístundahús á tveimur hæðum og eitt aukahús á einni hæð, samtals 160 m<sup>2</sup> og þar af getur aukahúsið að hámarki verið 40 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. apríl 2015.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. október 2015.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2015